



6. desember 2024


Skortur á raforku veldur mikilli hækkun á raforkuverði

Rafmagnsverð hefur á síðustu tólf mánuðum hækkað um 13,2%. Hefur tólf mánaða hækkunartakturinn verið yfir 13% síðustu mánuði. Þetta er mesta hækkun síðan 2011 eða í 13 ár. Á sama tíma og verðbólgan hefur verið á niðurlæið hafa orðið hækkanir á raforkuverði. Raunverð raforku hefur hækkað um 8,4% á síðustu tólf mánuðum sem er einnig met frá árinu 2011.¹

Hækkunin á raforkuverði endurspeglar þá stöðu að raforkuframleiðsla hefur ekki haldið í við vöxt og viðgang samfélagsins, þar á meðal fólksfjölgun. Ástæðan fyrir þessu er kyrrstaða í raforkuöflun á síðastliðnum 10 til 15 árum. Þetta aðgerðaleysi kostar samfélagið mikið sem birtist nú í hækkun raforkuverðs. Hefur meðalverð raforku Landsvirkjunar til stórnotenda án flutnings hækkað um 32% frá 2019 til 2023 og á sama tíma hefur meðalverð forgangsorku án flutnings hækkað um 34%.² Þessi staða hefur einnig valdið umtalsverðu tapi á útflutningstekjum Íslands, þar sem Landsvirkjun hóf raforkuskerðingar til stórnotenda undir lok árs 2023.³

Raforkuverð og vísitala neysluverðs

12 mánaða breyting



Heimild: [Vísitala neysluverðs og undirvísitala hennar, Hagstofa Íslands](#)

Hækkun á raforkuverði endurspeglar mikla hækkun á raforkuverði á heildsölumarkaði. Raforkumarkaður tók til starfa í apríl 2024 og nefnist hann Vonarskarð. Gögn af þeim markaði sýna að verð á raforku hefur hækkað um 32-34% síðan síðasta sumar.⁴ Um er að ræða niðurstöður úr sölufarli á mánaðarblokkum með afhendingu á fyrstu fjórum mánuðum næsta árs. Mánaðarblokk er rafmagn sem er afhent í mánuði í senn. Að mati Samtaka iðnaðarins er þetta fyrirboði um að enn meiri hækkun raforkuverðs sé að vænta.

¹ [Vísitala neysluverðs og undirvísitalur hennar, Hagstofa Íslands](#)

² [Ársreikningur Landsvirkunnar 2023](#)

³ [14-17 ma.kr. útflutningstekjur hafa tapast vegna raforkuskerðingar Landsvirkjunar, Samtök iðnaðarins maí 2024](#)


⁴ [Niðurstöður úr sölufarli mánaðarblokka, Vonarskarð](#)

Þróun þessi er að miklu leyti í samræmi við niðurstöður m.a. úr skýrslum EFLU um þróun raforkuverðs sem birtar voru um mitt ár 2019 og 2024. Breytingar til hækkunar hafa hins vegar komið fram á seinni helmingi þessa árs og sem bein afleiðing þess að framleiðsla á raforku hefur ekki haldið í við þróun samfélagsins á síðastliðnum 10 til 15 árum. Ástæða þessa er m.a. skortur á uppbyggingu á nauðsynlegum innviðum í raforkukerfinu, léleg vatnsár og flutningstakmarkanir í fulllestuðu raforkukerfi. Í sögulegu samhengi hefur hagkvæmt raforkuverð verið bein afleiðing af skilvirkri uppbyggingu raforkukerfisins í fortíð.

Níu sölufyrirtæki selja rafmagn á almenna markaðnum. Sum þeirra eru með eigin framleiðslu en flest kaupa einnig rafmagn á heildsölumarkaði. Í heild eru aðilar á markaðinum ellefu. Sölufyrirtækin kaupa raforku í miklu magni í heildsölu og selja hana síðan í smásölu til heimila og fyrirtækja. Hækkun á verði raforku í útboðum Vonarskarðs á heildsölumarkaði skilar sér því til fyrirtækja og heimila í formi hærra raforkuverðs.

Verð raforku í útboðum í júní og nóvember 2024 á heildsölumarkaði

Markaðsverð á mánaðarblokkum með afhendingu jan.-apr. 2025, kr./MWst



Þegar verðþróun á heildsölumarkaði er skoðuð þarf að hafa í huga að raforkukostnaður skiptist í þrennt, þ.e. kostnað við raforku, flutning og dreifingu og síðan opinber gjöld. Metið hefur verið að raforkukostnaðurinn sé um 30% af heildarkostnaði vegna raforkukaupa. Flutningur og dreifing er um 50% og opinber gjöld um 20%. Þess ber að geta að einstaka notendahópar njóta niðurgreiðslna á kostnaði, s.s. vegna rafhitunar eða kostnaður jafnaður að einhverju leyti.⁵ Hækkun á verði raforku á heildsölumarkaði skilar sér því ekki í hlutfallslega jafn mikilli hækkun á verði raforku.

⁵ [Lög um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002](#), og [lög um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, nr. 98/2004](#)